



Kópavogi, 16. júní 2022
2010555/035.00 RH

Betri vinnutími – stytting vinnukunnar

Samkomulag um styttingu vinnuvikunnar hjá kennurum í grunnskólum

Í kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem undirritaður var 10. mars 2022 er kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnutíma sem nemur 13 mínútum á dag miðað við 40 stunda vinnuviku að jafnaði yfir árið. Samkomulag um útfærslu vinnutíma gildir fyrir skólaárið 2022 til 2023 eða frá 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023.

Fram kemur í leiðbeiningum um vinnuferlið að taka þarf til umræðu óskir kennara um fyrirkomulag styttingar sem gæti verið útfærð með eftirfarandi leiðum miðað við 37 vikna starfstíma skóla:

- Safnað upp innan ársins – 5,53 dagar
- Mánaðarleg stytting – 21,67 dagar x 13 mín. = 4,7 klst.
- Hver vika styttest – 5 dagar x 13 mín. = 65 mín.
- Hver dagur styttest um 13 mínútur
- Vinnutímastytting með öðrum hætti – t.d. blanda af leiðum

Í hverjum skóla var skipaður vinnutímahópur sem lagði fram tillögur sem kennara kusu um. Kennarar greiddu atkvæði um tillögur vinnutímahóps. Að minnsta kosti helmingur kennara þurfti að taka þátt og meirihluti kennara að samþykkja tillöguna.

Meginlínur við útfærslu við vinnutímastyttingu í grunnskólum Kópavogs voru eftirfarandi:

- Hálfur dagur á skertum nemendadögum s.s. jólaskekkjun, öskudagur og þemadagar. Flestir skólar ná tveim til þrem hálfum dögum.
- Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori utan skólatíma nemenda.
- Einn til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda.
- Fundartímar, 4 klst. á viku, sem skólastjórnendur geta boðað til skertir. Geta verið fundartímar í desember, maí eða dreift yfir árið frá 4-8 klst.

Útfærsla í einstaka skólum eru eftirfarandi:

Álfhólsskóli

- Hálfur dagur á skertum nemendadögum:* 1/2 dagar: jólaskekkjun
- Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori:* 1 dagur: 9. júní
- Einn til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda:* 2 dagar: fara í námsferð í október (dagarnir telja sem starfsþróunardaga)
- Fundartímar, 4 klst á viku, sem skólastjórnendur geta boðað til skertir:* 1 dagur: felldir niður fundir í desember.



- **Frávik frá meginlínu:** 1 dagur: Umsjónkennarar taka vinnutímastyttingu 7. júní, aðrir kennarar taka styttingu á samráðsdegi (foreldraviðtöl) að hausti

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru eftirfarandi

80% kennara tóku þátt í kosningunni. 75,3% samþykktu ofangreinda tillögu.

Niðurstaða bæjarráðs:

Hörðuvallaskóli:

- *Hálfur dagur á skertum nemendadögum:* 1/2 dagar: jólaskemmtun
- *Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori:* 2 dagar: 15. ágúst og 12. júní
- *Einn til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda:* 2 dagar: 3. janúar og 19. maí
- *Fundartímar sem skólastjórnendur geta boðað til skertir:* 1 dagur: fella niður fundi og fræðslu jafnt yfir skólaárið.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru eftirfarandi

73% kennara tóku þátt í kosningunni. 58,2% samþykktu ofangreinda tillögu.

Niðurstaða bæjarráðs:

Kársnesskóli:

- *Hálfur dagur á skertum nemendadögum:* 2 dagar: tveir þemadagar í október, jólaskemmtun og öskudagur
- *Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori:* 1 dagur: 9. júní
- *Ein til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda:* 1 dagur: 19. maí
- *Fundartímar sem skólastjórnendur geta boðað til skertir:* 1 og ½ dagur þ.e. fundartímar í desember auk niðurfelling fimmtdagsfræðslu í maí

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru eftirfarandi

94,4 % kennara tóku þátt í kosningunni. 48,8 % samþykktu ofangreinda tillögu.

Niðurstaða bæjarráðs:



Kópavogsskóli

- *Hálfur dagur á skertum nemendadögum:* 1 dagur þ.e. jólaskemmtun og öskudagur
- *Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori:* 1 dagur: 12. júní
- *Einn til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda:* 1 1/2 dagur: 20. okt. og 3. jan.
- *Fundartímar sem skólastjórnendur geta boðað til skertir:* 2 dagar: dreift yfir skólaárið

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru eftirfarandi

73% kennara tóku þátt í kosningunni. 80% samþykktu ofangreinda tillögu.

Niðurstaða bæjarráðs:

Lindaskóli

- *Hálfur dagur á skertum nemendadögum:* 1 dagur: jólaskemmtun og öskudagur
- *Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori:* 1 og ½ dagur: 15. ágúst og 8. júní
- *Einn til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda:* 1 1/2 dagur: 19. maí og 3. janúar
- *Fundartímar, 4 klst á viku, sem skólastjórnendur geta boðað til skertir:* 1 ½ dagur: fundartímar í eina viku í okt., tvær vikur í des. og eina viku í apríl.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru eftirfarandi

95% kennara tóku þátt í kosningunni. 68,4% samþykktu ofangreinda tillögu.

Niðurstaða bæjarráðs:

Salaskóli

- *Hálfur dagur á skertum nemendadögum:* 2 dagar: jólaskemmtun, tveir þemadagar og öskudagur
- *Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori:* 2 dagar: 8. og 9. júní
- *Einn til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda:* 1 dagur: 3. janúar
- *Fundartímar, 4 klst á viku, sem skólastjórnendur geta boðað til skertir:* ½ dagur: skert viðvera kennara í annarri viku í desember.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru eftirfarandi

65% kennara tóku þátt í kosningunni. 80% samþykktu ofangreinda tillögu.

Niðurstaða bæjarráðs:



Smáraskóli

- *Hálfur dagur á skertum nemendadögum:* 1 dagur: vorhátíð og öskudagur
- *Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori:* 2 dagar: einn dagur í ágúst og annar í júní
- *Einn til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda:* 2 dagar: 19. maí og ½ dagur 7. okt. og 3. jan.
- *Fundartímar, 4 klst á viku, sem skólastjórnendur geta boðað til skertir:* 0,53 dagar: fundartímar stjórnenda skertir á starfsdögum.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru eftirfarandi

76% kennara tóku þátt í kosningunni. 100% samþykktu ofangreinda tillögu.

Niðurstaða bæjarráðs:

Snælandsskóli

- *Hálfur dagur á skertum nemendadögum:* 1 1/2 dagar: Jólaskemmtun, öskudagur, vorhátíð
- *Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori:* 1 dagur: 9. júní
- *Einn til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda:* 3 dagar: 7. okt., 17. nóv., og 19. maí
- *Fundartímar, 4 klst á viku, sem skólastjórnendur geta boðað til skertir:* ½ dagur: viðvera kennara í desember skert sem því nemur

Frávik frá meginlínu: 3 af 5 skipulagsdögum yfir skólaárið teknir í vinnutímastyttingu.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru eftirfarandi

67,5 % kennara tóku þátt í kosningunni. 84% samþykktu ofangreinda tillögu.

Niðurstaða bæjarráðs:

Vatnsendaskóli

- *Hálfur dagur á skertum nemendadögum:* 1 1/2 dagar: jólasveinaleikar, jólaskemmtun og öskudagur
- *Einn til tveir skipulagsdagar að hausti og/eða vori:* 2 dagar: einn dagur í ágúst og annar í júní
- *Einn til tveir skipulagsdagar innan skóladagatala nemenda:* 1 ½ dagur: 3. janúar og 19. maí



- *Fundartímar, 4 klst á viku, sem skólastjórnendur geta boðað til skertir: ½ dagur: viðvera kennara í desember skert sem því nemur*

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru eftirfarandi

76,4 % kennara tóku þátt í kosningunni. 89,7% samþykktu ofangreinda tillögu.

Niðurstaða bæjarráðs:

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri menntasviðs

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar